

## Heimspækilegar samræður

***Svo er mælt, að þegar skóli var í Skálholti, hafi þar verið tvær skólaþjónustur. Þær voru báðar illar mjög í skapi og þungyrtar, ef því var að skipta.***

Hvað eru skólaþjónustur?

Hvað er að þjónusta?

Hverjir eru að þjónusta?

Hverjir þurfa þjónustur?

Eru skólar með þjónustur í dag?

Hvernig var skólinn í gamla daga?

Af hverju voru þær illar í skapinu og þungyrtar?

Hvað er að vera illur í skapinu og þungorða?

Hvernig látum við ef við erum ill í skapinu?

***En svo bar til fyrir jólin einn vetur, að önnur þjónustan þurfti að fara eitthvað út, en veður var illt og bylur. Hún tekur þá nýpvegnar nærbrækur af einhverjum skólapilti, sem hin þjónustan þjónaði; því hún hafði ekki annað fat hendi nær til að fara í.***

Afhverju klæddi þjónustan sig í nærbrækurnar til að fara út?

Hvað klæðum við okkur í þegar það er óveður?

Af hverju klæðum við okkur í föt?

Hvernig litu nærbrækurnar út í gamla daga?

***Þegar hún kemur inn aftur, segir hún hinni þjónustunni frá, og biður hana að misvirða ekki þetta tiltæki sitt við sig, þó hún hafi tekið brækurnar á laun við hana. En þjónustan brást reið við og atyrkti hana.***

Af hverju spurði hún ekki um leyfi áður en hún tók nærbrækurnar?

Af hverju brást hin þjónustan svona illa við þegar nærbrækurnar urðu skítugar?

Hvað gerðist fyrir þjónusturnar þegar þær voru að rífast?

Hvernig hefðu þær getað leyst málin öðruvísi?

Hvað er að rífast?

Af hverju förum við að rífast?

***Hlupu þá skólapiltar til, kipptu þeirri upp undir eins, sem grynnra var sokkin.***

Af hverju hlupu bara piltarnir til að aðstoða?

Af hverju hjálpuðu þau fyrst þessa sem sökk grynnra?

Hvar voru stelpurnar?

Gengu stelpur í skóla í gamla daga?

Hvernig er skólinn í dag?

Hvað finnst ykkur um skólann í dag? – hvað finnst ykkur gott og hvað má bæta?